

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 83 29. des. 1967 og lög nr. 7 6. marz 1969.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Úr 49. gr. laganna, f-lið (sbr. 7. gr. 1. nr. 83/1967 og 2. gr. 1. nr. 7/1969) falli niður orðin „umfram 7 daga“, en greinin verði óbreytt að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 49. grein laganna um almannatryggingar er það margtekið fram, að sjúkrasamlög, héraðssamlög og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggi ókeypis sjúkrahúsvist að læknisráði.

Í upphafi greinarinnar segir svo:

„Sjúkrasamlög kaupstaðanna og héraðssamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 51. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu málsgrein.“

Enginn getur af orðalagi þessarar málsgreinar dregið aðra ályktun en þá, að öll sjúkrahúsvist sé greidd af tryggingunum. Sé þó einhver í vafa um það, ættu efasemdir um slíkt að hverfa við lestur næstu málsgreinar sömu lagagreinar. Sú málsgrein er þannig:

„Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. málsgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein,“ þ. e. lengri sjúkrahúslega en 12 mánuðir á 2 árum.

Nú ætti þó allt að vera pottþétt um greiðslu sjúkrahúsvistar, án undantekninga.

En bíðum við. Í næstu málsgrein 49. gr. er hátíðlega yfir lýst, að sjúkratryggingadeild tryggi ókeypis alla nauðsynlega sjúkrahúsvist, ásamt hjúkrun, læknishjálpi og lyfjum vegna ellikramar og langvinnra sjúkdóma. — En eftir þessa ýtarlegu réttindaupptalningu er því þó bætt við, að fávitar séu undanskildir.

En í beinu framhaldi af þessu er enn vikið að réttindum þeim, er samlagsmenn skuli njóta. Þar segir orðrétt:

„Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálpi, sem hér er talin.“

Síðan eru skylduréttindi samlaganna talin upp í bókstafsliðum frá a—h.

Hér skal staðnæmt við f-liðinn. Hann er orðrétt á þessa leið:

„f. Dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.“

Því miður er innihald þessa bókstafsliðar í harla litlu samræmi við inngangsorðin. Í honum felast ekki réttindi, heldur svipting réttinda, því að með orðunum „umfram 7 daga“ er nálega öllum kostnaði af sjúkrahúsvist vegna fæðingar létt af tryggingunum og hann lagður á herðar hinum fæðandi konum sjálfum. Aðferðin við það er svo sú að láta þær gefa skriflegt afsal fyrir fæðingarstyrknum til greiðslu á sjúkrahúskostnaðinum, eins og nú er frægt orðið að endemum.

Frumvarp þetta er um það eitt að fella orðin „umfram 7 daga“ niður úr f-lið 49. greinar tryggingalaganna, þannig að hann hljóði svo: „Dvöl vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.“

Með þessari, að því er virðist, smávægilegu orðalagsbreytingu er það gert ótvírætt, að sjúkrasamlagi er ætíð skylt að greiða dvöl vegna fæðingar á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, en efnislega er það engin smábreyting á tryggingalöggjöfni og framkvæmd hennar, ef að lögum verður.

Er þess að vænta, að háttvirt Alþingi láti ekki lengur dragast en orðið er að afmá það stórlýti af islenzkri tryggingalöggjöf, að verðandi mæður séu einar ásamt „fávítum“ sviptar þeim sjálfsagða rétti að fá sjúkrahúsdvöl að læknisráði greidda að fullu.